

A 1744/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndar um
þingmannatillögu um að efla norrænt samstarf um netvarnir

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að þær leitist við að dýpka samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um netvarnir;

að þær sjái til þess að sameiginlegum ástandsskýrslum um ógnir og hættur í netumhverfi sé miðlað jafnóðum milli norrænu landanna og Eystrasaltsríkjanna;

að þær sjái til þess að norrænu löndin tryggji eftir fremsta megni að þau landanna sem standa utan ESB eða NATÓ hafi aðgang að samstarfi um netvarnir sem fram fer á vettvangi þessara stofnana;

að netvarnir verði mikilvægur þáttur í samráði Norðurlanda og Bandaríkjanna um varnarmál.

Bakgrunnur

Flokkahópur hægrimanna stendur að þingmannatillögu „um að efla norrænt samstarf um netvarnir“. Þingmannatillagan var fyrst rædd á 69. þingi Norðurlandaráðs í Helsinki árið 2017. Wille Rydman mælti fyrir tillögunni og Staffan Danielsson lýsti yfir stuðningi við hana af hálfu flokkahóps miðjumanna. Aðrir tóku ekki til máls. Þingmannatillagan byggist á því að stafræn væðing hefur óvíða náð lengra en á Norðurlöndum og að þau verði daglega fyrir alvarlegum netárásum sem geta valdið samfélaginu tjóni. Eystrasaltsríkin eru einnig langt komin í stafvæðingu og Eistlendingar eru með fremstu þjóðum í heimi að því er varðar netheima. Netvarnarmiðstöðin NATO Cooperative Cyber Defence Centre of Excellence er staðsett í Tallinn og færni Eistlendinga að þessu leyti nýtur þess. Norðurlönd ættu því að efla samstarfið við Eystrasaltsríkin um netvarnir.

Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Tillagan er í samræmi við áætlunina *Action Plan for Cooperation between the Baltic Assembly and the Nordic Council 2018-2019* sem var samþykkt einróma á fundi forsætisnefndar 27. nóvember 2017 í Kaupmannahöfn. Í þeirri áætlun segir meðal annars: „Our countries are confronted with security threats such as hybrid warfare, cyber-attacks, propaganda, organised crime, violent terrorism, irregular migration,



human trafficking etc. The Baltic Assembly and the Nordic Council will continue cooperation on foreign, defence and security issues. Baltic and Nordic countries should act jointly to find common solutions to the challenges of external and internal security environment. Our countries should address security threats in a joint and coordinated manner.”

Forsætisnefndin að undanskildum Norrænum vinstri grænum styður þingmannatillöguna.

Ákveðið var að beina þingmannatillögunni til norrænu ríkisstjórnanna fremur en til Norrænu ráðherranefndarinnar (NMR) þar sem stefnan í varnarmálum er utan starfssviðs ráðherranefndarinnar.

Í upprunalegri tillögu flokkahóps hægrimanna var auk þess tillöguliður um Úkraínu: „... að samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á sviði netvarna feli í sér beinan stuðning við Úkraínu.“ Ýmsir í forsætisnefndinni gerðu athugasemdir við að eitt land væri tekið út fyrir sviga með þessum hætti og flokkahópur hægrimanna féllst þess vegna á að fella tillöguliðinn niður til að tryggja að hinir tillöguliðirnir fengju framgang.

Akureyri, 10. apríl 2018

Bertel Haarder (V)
Britt Lundberg (ÅC)
Erkki Tuomioja (sd)
Henrik Dam Kristensen (S)
Lena Asplund (M)
Maarit Feldt-Ranta (sd)
Martin Kolberg (A)

Matti Vanhanen (cent)
Michael Tetzschner (H)
Mikkel Dencker (DF)
Phia Andersson (S)
Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)
Staffan Danielsson (C)
Wille Rydman (saml)